TILSKIPAN Um Stifts-Pro-FASTA.

Vier Christian sa Siotte Af Guds Naad/ Kongur til Danmerkur og Noregs/ Vinda og Gauta / Hertoge i Slesvijk / Holstein/ Stoormarn og Dytmersken/ Greife uti Oldenborg og Delmenhorst / Giorum ollum Vitañlegt : So sem Vorum nu verande Amtmañe a Voru Lande Jislande er fyrrum tillogd vor Allranaadigasta Befaling, ad þa nockur Superintendent i Skaalhollts edur Hoola Stifte, añadhvort fyrer Daudañ, edur i añañ Maata, afgeingur, þa skule hañ, aan Uppehallds, i Voru Allra-Hædsta Nafne constituera eirn habilan Prest-Mañ, Profast edur Prest til Officialis, edur Stifts-Profasts i þvi sama Stifte, hvar Vacancen er, til ad veita Forstodu Biskups Embættenu medañ þad er Lidugt; Pa vilium Vier nu hier med Allra-Naadugast hafa Naakvæmar Fyrerskrifad og Befalad hvorneñ sodd-añ Officialis edur Stift-Profastur skule i þessare Function, medañ þad hañ stendur fyrer þeirre somu, haga sier og hegda.

1.

Eirn Officialis edur Stift-Profastur skal Almeñelega halda yfer Vorum Logum, Forordningum, Tilskipunum, og Rescriptum, Gomlum og Nyum, sovidt, þær Biskups-Stoolunum og hañs Utrettingum kuña Vidkomande ad vera.

2.

Hañ skal og Vigilera fyrer þvi; ad þær Tilskipaner sem i Kyrkiu, Skoola og Hospitals Sokum, Item Elemosynariis og circa Beneficia Regia allareidu giordar eru, verde ecke alleina Naakvæmlega til Vara teknar og epterlifad, helldur og til eñ nu stærre Nytsemdar og Abata fyrer Kyrkiurnar og Landed i Framtijdeñe, Sierdeiles Jñbyggendur Stiftesens, fremur Rijfkadar og komed i gott Skick.

3. Hañ

3.

Þañ Tijma hañ framkvæmer Officialia edur Stift-Profasts Embætte; Skal hañ Sierdeiles halda sier uppe a Biskups-Stoolnum, so opt hañs eigeñ Sookner og Hierads Asigkomulag lætur þad epter honum, og, þa hañ heldur sig þar uppe, skal hañ nioota, aan Betalings, af Biskups-Stoolsens Oeconomo alls þess hañ fyrer sialfañ sig, eirn Skrifara og eirn Þienara til Skickañlegheita vidþarf og hañs Function tilheirer, eñ Sierdeiles.

4.

Skal hañ alltijd vera til Stadar a Biskups-Stoolnum þa Skooleñ sofnast fyrst samañ, hvar i hia hañ i allañ Maata, heldur sier Vora Allra-Nadugustu Tilskipan uñ Latinu Skoolana a Islande af 3. Maji 1743. Allra-Underdanigast Epter-Rettanlega, so og þa Examen Dimittendorum skal haldast og Skoola-Piltaña Voxtur og Framfør i þeirra Idkunum ransakast.

Hitt Añad af Inspectione er honum epterlaated i siñe Fiærvist, ad Tiltrwa Doom-Kyrkiu-Prestenum og Rectori Scholæ.

5.

Þa Examen Discipulorum skal haldast i Skoolanum, skal hañ taka eiñ, eda mest tvo uñ Siñ fyrer sig og examinera þa in Stilo Philologicis og Theologicis, fyrer utañ þad añad, sem þeir i Skoolanum hafa tracterad, og maa hañ ei examinera alla af sama Classe til Hoopa, heldur laungtum meir Lijta epter þvi, hvort Discipuli kuña ad giora oll Specimina sialfer, aan Añara Hialpar, uppa þad hañ sijdan med þvi betre Vissu og Undervijsan, med Rectore kuñe ad vijsa sierhvorium til sijns Sætes i Skoolanum, epter hañs Vitsmunum og Framferde.

6.

Med Studentaña yfer Hofud, og Sierdeiles med Diaconorum og Ordinandorum Examen a hañ ad halda sig epter Vorum þar uñ allareidu wtgeingnum Allra-Nadugustu Tilskickunum og Befalningum.

7.

Þa nockur sem til Vor Sialfra vill suplicera edur iñsenda Memoriala til Vorra Collegia, sender til hañs sijnar Supplicatiur til Erklæringar og Uppaaskriftar, skal hañ ad soñu giora þad, eñ aungvañveigeñ þar uppa odruvijs erklæra, eñ so sem Log og Forordningar tilhalda, og hañ ætlar sialfur til ad svara.

8.

Þegar nockurt Plats i Olmusu-Skoolanum Lidugt verdur, añadhvort ad ollu edur nockru Leite, skal hañ aungvañ taka þar iñaa, utañ epter medtekeñe riktugre Bevijsing og Otvijlañlegum Vitnesburde uñ hañs Þorf og Duganlegleika sem sæker uñ soddañ Platz, hveria skriflega Bevijsing hañ alltijd skal vera Reidubueñ og Viliugur til ad framvijsa, þa nockur þess af honum Oskar.

9.

Stiftes-Kistuna og heñar Brefa Skaapa, skal hañ adgiæta so sem siñ Augastein, og

og hvorke Directe nie Indirecte laata nockud Bref misfarast þar af, under hañs Embættis Topun; Miklu helldur skal hañ af ollum Mætte, kieppast vid ad gieta aukid Stiftesins Brief med soddañ Under-Rettingum sem kuñe ad vera Publico og Stiftenu til Nitsemdar, og Epterkomendunum til Upplijsingar.

10.

Pad sama hefur hañ og so vid Kyrkiuñar og Skoolans Bækur ad taka til Vara.

11.

Iñtekternar af þeim Iordum sem med Testamente edur Gaafu eru lagdar til Fatækra Studenta, sem studera i Danmork, edur Fatækra Presta-Eckna og þvilijkra, skal hañ, epter Stiftarans og Giafarans Intention siaa, ad tillagt verde þeim Skickanlegustu og Mest-Purfande Persoonum.

12.

So skal hañ og hafa Tilsioon med, ad Skoolanum med sijnum Kieñendum og Discipulis verde til Fulls conserverud þau Rettugheit sem þeim af Vorum Konungl. Forfedrum og Oss Allra-Naadigast giefeñ og tillogd eru, og eingvañvegeñ lijda, ad añadhvort Oeconomus ellegar adrer Versleger edur Geistleger i Skoola-Soknum odruvijs Tilskipe, Eñ so sem Vor Allra-Naadigasta Skoola Tilskipan fyrerskrifar og befalar.

13.

Sie saa, sem til Officialis verdur skickadur Profastur, og hafe Profasts-Dæme, skal hañ fyrer sijna Persoonu vera Frijadur fraa, epter Logunum, þar ad Visitera, so leinge sem hañ For-Rettar Officialis, edur Stift-Profasts Embætted, þa skal hañ hafa Magt til ad Tilskipa Einn af þeim næstu Prestum, sem hañ heldur þar til Dugtugañ, ad Visitera fyrer sig i hañs Herade eitt Sumar edur fleire, aa moote billegum Betaling, sem þeir kuña ad koma sier samañ um.

14.

Med þa Ordinarie Biskups Visitation, hefur Officialis eckert ad bestilla, aan þess Biskups-Stoolleñ skylde vera yfer i Tvo Ar Vacant, og Visitationen vera stoor Naudsynleg.

15.

Eñ þar aa moot skal hañ For-Retta oll Consistorialia eins og Biskupeñ, epter Lagaña, Ordinantiuñar og añara Konunglegra Befalinga tilhalde, So hefur hañ og ad Tilskipa Eirn af þeim vid Consistorium verande O-Interesserudu og Hentugustu Prestum, edur Skoola Penurum til, ad fæia Protocolen i Consistorial Rettenum, Eñ þeim Prestum sem þaangad eru kallader, til ad vera vid Consistorium, skal hañ ecke vera Skylldur til ad gefa Kost edur Tæring, aan þess hañ af Goodvilia vilie giefa þeim nockud.

16.

Officialis edur Stift-Profastureñ, so leinge sem hañ stendur fyrer þvi Embætte, skal, so sem Biskup, Tilskicka Profasta i Stad þeirra Afgeingnu, For-Retta Presta-Vigslur, Kalla Skoola Pienara og Diaakna, Somuleides Examinera þa.

17.

Fiñe nockur Loglega Ordsok til ad bera sig upp um Officialis Haattalag i Epi-

scopali-

scopalibus þa skal bera þad upp eins og þegar Biskup er, fyrer Oss sialfum, eñ i ødrum Hlutum skal hañs Oskast fyrer Under-Rettena epter Løgunum.

18.

Sie Officialis Giftur og vilie vera 6. Vikur edur leingur aa Biskups-Stoolnum, skulu honum ecke Neitast þeir Hentugleikar fyrer sig og Familie, sem Biskups-Stollen megnar, þo skal hañ i soddañ Maata Fullnægia Oeconomo fyrer þad, hañ meir eñ fyrer sig, Einn Skrifara og Einn Pienara þarf og Oskar epter.

19.

Officiali skal bevijsast sama Respect, Æra, Hlijdne og Pægelegheit, sem sialfum Superintendentenum, aa medañ hañ er Stifts-Profastur og med Vandlæte framkvæmer þad Embætte, Hvar epter Aller og hver Eiñ Vidkomenda, sem fyrskrifad stendur, hafa sig Allra-Underdaanigast ad retta og hallda, ei giørande aa moote þessare Vorre Allra-Naadigustu Tilskipan Hindran edur Uppehald i nockurn Maata under Vora Hollustu og Naad.

Gefed aa HIRCHS-HOOLMS Slote 10. Junii 1746.

Vnder Vorre Konunglegre Hende og Signete.

Christian R.

LS

Epter Allra-Naadugustu Skickan til mijn Underskrifads, Dateradre 10. Junji 1746. A Hirsch-Hoolms Slote, er þesse Allra-Naadugasta Tilskipan um̃ Stifts Profasta aa Islande, þañig sem hier finst wtløgd aa Islendsku, epter þvi Danska Exemplare, og laateñ wtgaanga aa Prent,

Test. Hoolum D. 11. Octobr. 1746.

HALLDOR BRINIOLFS-SON.